

Ármann Kr. Ólafsson
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Efni: Áskorun til Kópavogsbæjar um að standa við gerða kjarasamninga

Efling - stéttarfélag undirritaði kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kjör verkafólks á félagssvæði Eflingar þann 10. maí 2020. Undir þann samning falla kjör Eflingarfélaga hjá Kópavogsbæ.

Eitt veigamesta ákvæði samningsins felur í sér skuldbindingu Kópavogsbæjar um að eiga samráð við starfsfólk um styttingu vinnuvikunnar um allt að 4 tíma á viku miðað við 40 stunda vinnuviku.

Því miður hafa vinnubrögð Kópavogsbæjar við samráð um styttingu vinnuvikunnar hjá félagsfólki Eflingar verið með öllu óboðleg. Fulltrúar bæjarins hafa þrýst á Eflingarfélaga í grunnskólum að samþykkja að stytting vinnuvikunnar felist í því einu að þeir fái áfram greitt fyrir vinnu í skólafríum í tengslum við vetrarfrí og stórhátíðir. Samþykki þeir ekki þessa útfærslu, sem leiðir til alls engrar styttingar á vinnuviku þessara starfsmanna, hefur þeim verið hótáð að hætt verði að greiða fyrir þessa aukafrídagana.

Vart þarf að hafa mörg orð um hversu vanvirðandi og fráleit þessi vinnubrögð eru. Eins og felst í orðanna hljóðan þýðir *stytting vinnuvikunnar* í sér annars vegar *styttingu*, en ekki að heildarvinnutími starfsfólks standi í stað frá því sem var áður, og hins vegar að styttingin fer fram innan *vinnuviku* en ekki á ársgrundvelli. Í viðaukanum um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningi Eflingar og SÍS eru gefin dæmi um útfærslur og undanþágur um að safna megi daglegri styttingu upp í lengri vikuleg eða hálfsmánaðar frí. Uppsöfnun á ársgrundvelli hefur aldrei verið til umræðu enda samrýmist hún ekki grunnhugmyndinni um styttingu vinnuvikunnar.

Samkvæmt athugun Eflingar meðal félagsmanna hjá Kópavogsbæ segir ríflega helmingur þeirra að stytting vinnuvikunnar hafi ekki verið innleidd á þeirra vinnustað þrátt fyrir að ákvæði þessa efnis hafi tekið gildi. Langflestir þeirra sem hafa fengið styttingu hafa aðeins fengið lágmarksstyttingu upp á 65 mín á viku, þ.á m. hópur starfsfólks í heimaþjónustu. Aðeins örfáir starfsmenn hafa fengið 2-4 klukkustundir á viku. Í ljósi tilkynningar um verulega styttingu opnunartíma bæjarskrifstofa Kópavogs á föstudögum má ætla starfsmenn bæjarskrifstofanna séu þeirra á meðal. Flestir þeirra tilheyra stéttarfélögum faglærðra. Svo virðist sem Kópavogsbær ástundi með þessu grófa mismunum gagnvart starfsfólki á grundvelli stéttarfélagsaðilar og er það óásættanlegt að þar beri verka- og láglaunafólk skarðastan hlut frá borði.

Í ljósi ofangreinds skorar Efling - stéttarfélag hér með á Kópavogsbæ að mismuna ekki starfsfólki og standa við skuldbindingar sínar í gildandi kjarasamningi um styttingu vinnuvikunnar án undanbragða. Þess er krafist að sýndarkosningar um svokallaða styttingu vinnuvikunnar á vinnustöðum sveitarfélagsins verði dregnar til baka og að þar verði efnt til raunverulegs samtals um útfærslu styttingarinnar í samræmi við gildandi kjarasamning.



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar - stéttarfélags
Reykjavík, 26. janúar 202